

REGLUR UM NOTENDASTÝRÐA PERSÓNULEGA AÐSTOÐ FYRIR FATLAÐ FÓLK (NPA)

1. Kafli

Almenn ákvæði

1. gr. Skilgreining

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) er þjónustuform sem ætlað er að uppfylla þarfir fatlaðs fólks fyrir aðstoð heima og úti í samfélaginu. Þjónustan er skipulögð á forsendum notandans og undir verkstjórn hans.

Við samning um NPA fellur önnur þjónusta niður sem veitt er á grundvelli laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, svo sem frekari liðveisla og skammtíamavistun, einnig félagsleg þjónusta og stuðningur til búsetu samkvæmt II. og III. kafla reglugerðar um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum nr. 1054/2010, enda komi NPA í stað þeirrar þjónustu. Sama gildir um félagslega heimaþjónustu og liðveislu samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Unnið er eftir samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og þá hugmyndafræði sem samningurinn byggir á, þar sem byggt er á rétti til sjálfstæðs lífs og þess að eiga valkosti til jafns við aðra.

Þetta byggist á tilraunarverkefni ríkis og sveitarfélaga.

Um er að ræða mánaðarlegar greiðslur til notanda eða aðila í hans umboði í stað þess að þjónustan sé í höndum sveitarfélagsins. NPA samningar munu miðast við fjárframlag til málaflokksins. Greiðslur eru háðar heildstæðu mati á þjónustupörf notandans hverju sinni.

2. gr. Markmið

Markmið þessa þjónustuforms er að koma til móts við þarfir fatlaðs fólks fyrir aðstoð heima og úti í samfélaginu til þess að það megi lifa sjálfstæðu og virku lífi. Greiðslurnar eru tímabundnar og háðar mati verkefnahóps hverju sinni.


3. gr. Forsendur

Þeir geta sótt um NPA sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Lögheimili verður að vera á þjónustusvæði BsVest

Eru með skilgreinda fötlun samkvæmt 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum.

Þeir sem eru á aldursbilinu 18-67 ára og hafa miklar og/eða óhefðbundnar þjónustubarfi, eru með örorkumat og SIS mat.



4. gr. Gildissvið

Gildissvið þessara reglna er almennt háð meginreglu 5. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum, um lögheimili notandans. Heimilt er að NPA sé veitt utan sveitarfélags ef notandi er þar á ferð til styttri dvalar sem ekki kallar á flutning lögheimilis.

2. Kafli

Umsóknarferli, mat og afgreiðsla

5. gr. Umsókn – Heildstætt mat

Umsókn um NPA skal vera skrifleg og berast til félagsþjónustu lögheimilisveitarfélags.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Byggðasamlagsins eða sveitarfélaganna.

Þegar umsóknin hefur verið móttokin skal umsækjandi boðaður í viðtal innan tveggja vikna frá því umsókn barst og eftir atvikum aðstandandi/talsmaður til að afla frekari upplýsinga. Umsóknin skal metin af verkefnahópi BsVest í samráði við umsækjanda, sbr. 5. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.

Starfsfólk félagsþjónustunnar veitir ráðgjöf í umsóknarferlinu.

6. gr. Afgreiðsla umsókna, samningur og áfrýjun

Umsóknir eru lagðar fyrir verkefnahóp BsVest

Ákvörðun um afgreiðslu umsókna skal liggja fyrir innan þriggja mánaða frá því umsókn berst félagsþjónustusvæði.

Umsækjanda er tilkynnt niðurstaða með skriflegum hætti. Sé umsókn hafnað skal ákvörðun rökstudd. Ákvörðun Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks verður ekki skotið til úrskurðarnefndar velferðarmála þar sem um er að ræða afmarkað og tímabundið tilraunarverkefni



3. Kafli

Framkvæmd

7. gr.

Ráðningar starfsfólks, ábyrgð notanda og umsýsla

Þegar umsókn um NPA hefur verið samþykkt, hefur notandi val á milli tveggja leiða um framkvæmd hennar.

- I. IAðannastsjálfurráðningustarfsfólkogumsýsluvegnaþeirra.Erþágerðureinstaklingssamningur um NPA milli notandans og sveitarfélags og rennur umsýslukostnaður til notandans og sveitarfélags.
- II. Að leita til sjálfstæðra aðila um að útvega starfskrafta og annast umsýslu vegna þeirra. Rennur þá umsýslukostnaður til þess aðila. Hinn sjálfstæði aðili verður áður að hafa undirritað starfsamning við sveitarfélag eða þjónustuvæði um að hann taki að sér slíka þjónustu.

Ráðningarsamningar við aðstoðarfólk kveða á um réttindi og skyldur þess, umfang vinnu, vaktafyrirkomulag og kjör, uppsagnarfrest og fleira sem rétt þykir að tilgreina í slíkum samningi.

8. gr.

Persónulegir aðstoðarmenn

Samþykki notanda er forsenda fyrir ráðningu aðstoðarmanns.

Ekki er gert ráð fyrir að aðstoðarmaður sé:

- Maki eða sambýlismaður
- Náinn ættingi eða aðstandandi
- Einstaklingur undir 18 ára aldri.
- Heimilt er að víkja frá þessari almennu reglu ef sýnt þykir að einhver þessara aðila sé öðrum fremur til þess fallinn að veita notanda aðstoð og gengið hefur verið úr skugga um að notandi óski þess.

9. gr.

Fjárhæð og skipting greiðslna.

Miðað er við að greiðslur fyrir hverja klukkustund séu að hámarki kr. 3.358,-. Sé einungis um dagvinnu að ræða lækkar greiðslan fyrir hvern tíma. Fjárhæð kemur til endurskoðunar við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

Fjárhæðin skiptist þannig að 85% hennar er ætlað að standa undir launakostnaði starfsfólks. Til hans telst allur kostnaður sem hlýst af vinnuframlagi starfsfólks þ.m.t. orlof, tryggingargjöld, afleysingar og greiðslur í þá sjóði og til þeirra félaga sem lög og kjarasamningar gera ráð fyrir.

Af fjárhæðinni eru 10% ætluð í umsýslukostnað sem telst vera:

- a. Kostnaður vegna auglýsinga eftir starfsfólki, mat á umsóknum og viðtöl.
- b. Þjálfunarkostnaður á reynslutíma er varðar öryggismál og aðra fræðslu til handa notanda og starfsfólki.
- c. Vinna að skipulagi og framkvæmd aðstoðarinnar og handleiðslu starfsfólks.



- d. Umsjón með viðveru starfsfólks.
- e. Bókhald, endurskoðun og ársuppgjör eftir því sem við á.

Þá er 5% fjárhæðarinnar ætlað að standa undir útlögðum kostnaði sem hlýst af því að starfsmaður fylgir notanda í lífi og starfi.

10. gr.

Eftirfylgni og eftirlit við framkvæmd

Notandi/umsýsluaðili skal skila inn til sveitarfélags í janúar ár hvert, eða oftast ef ástæða þykir til, uppgjöri fyrir árið sem leið þar sem fram kemur hver þjónustan hefur verið og skal skila afriti af launamiða til skattstjóra fyrir alla þá sem hafa fengið greiðslur fyrir vinnu.

Um meðferð þess fjármagns sem notandi fær úthlutað skal fara að eftirfarandi reglum:

- Notandi/umsýsluaðili skal skrá bókhald jöfnum höndum þar sem fram koma allar inn- og útgreiðslur. Í bókhaldsgögnum skulu vera staðfestar og tímasettar kvittanir, launaseðlar og launamiðar, fyrir öllum greiðslum, hvort sem þær hafa gengið til starfsfólks eða vegna annars kostnaðar. Þar skal einnig vera yfirlit banka yfir inn og útgreiðslur á þeim bankareikningi sem notandinn fær greitt inn á.
- Vanefndir á samstarfssamningi geta leitt til uppsagnar samnings um NPA. Komi til þess ber félagsþjónustunni að tryggja notanda lögbundna þjónustu sem hann á rétt á.

11. gr.

Endurmat á stuðningsþörf

Stöðumat fer fram þremur mánuðum eftir gerð samningsins þar sem kannað er hvernig aðstoðin nýtist og hvort hún skili tilætluðum árangri. Ennfremur er athugað hvort öðrum skilyrðum samningsins sé fullnægt.

Endurmat á stuðningsþörf notanda skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári. Félagþjónustunni er heimilt að breyta greiðslum í kjölfar endurmats á stuðningsþörf í samráði við notanda/umsýsluaðila. Komi til breytinga á upphæð greiðslu skal sú ákvörðun lögð fyrir verkefnahóp BsVest og notanda/umsýsluaðila tilkynnt um ákvörðun bréflaga með minnst fjögurra vikna fyrirvara.

12. gr.

Endurgreiðslur

Félagþjónustunni á hverjum stað ber að gæta þess að fjármagni samningsins sé ráðstafað eins og til sé ætlast og hefur heimild til að krefjast þess að notandi/umsýsluaðili endurgreiði ákveðna upphæð komi í ljós að hluti fjármagns sem úthlutað var hafi ekki farið í þá þjónustu sem tilgreind er í samningnum. Endurgreiðslu er krafist þegar fjármagn hefur verið notað á óeðlilegan hátt eða ekki nýtt til fulls. Gengið skal út frá að hver mánaðargreiðsla sé nýtt þann mánuð sem við á. Notanda er þó heimilt að færa fé á milli mánaða en ekki meira en sem nemur þremur mánuðum.

Komi til ofgreiðslu ber notanda/umsýsluaðila að endurgreiða mismuninn til félagsþjónustunnar innan 14 daga frá því að tilkynning barst.



13. gr. Tilkynningarskylda

Notanda/umsýsluaðila ber að upplýsa félagsþjónustuna um það án tafar ef upp koma erfiðleikar við umsjón greiðslanna svo hægt sé að leysa úr þeim fljótt og örugglega. Einnig ber notanda/umsýsluaðila að tilkynna félagsþjónustu um allar breytingar sem verða á högum hans og snerta þessa þjónustu innan sjö daga svo sem tímabundna dvöl annarsstaðar en á lögheimili og lögheimilisflutning.

Félagsþjónustan skal stöðva greiðslur, tímabundið, þegar notandi er ekki fær um að nýta þá þjónustu sem fjármagnið er ætlað til, í þeim tilvikum þarf að taka tillit til skuldbindinga sem notandi kann að hafa.

14. gr. Gildistími og uppsögn á samningi

Gildistími samningsins er 12 mánuðir í senn.

Við eftirlit og endurmat geta breytingar átt sér stað sem leiða til uppsagnar á samningnum.

Gagnkvæmur þriggja mánaða frestur er á uppsögn á samningnum og þarf hún að berast skriflega. Við eftirlit og endurmat geta breytingar átt sér stað sem leiða til riftunar á samningi. Ákvörðunin skal vera rökstudd, lögð fyrir verkefnahóp BsVest, og notanda/umsýsluaðila tilkynnt hún skriflega. Félagsþjónustunni er heimilt að rifta samningi og gera notanda/umsýsluaðila að endurgreiða það fjármagn sem honum hefur verið úthlutað eða hluta af því, sé sýnt fram á eitt af eftirfarandi:

- Fjármagnið, að hluta til eða öllu leyti, hefur ekki verið nýtt eins og samningur um vinnustundir segir til um.
- Ákvæðum samningsins hefur ekki verið fylgt.
- Móttekið hefur verið fjármagn frá öðrum þjónustuaðila ætlað að hluta til eða í heild í þá þjónustu sem samningur þessi tekur til.

Heimilt er að rifta samningnum án fyrirvara og taka upp fyrra eða annað þjónustuform séu vísbendingar um svik eða ólöglegt athæfi notanda/umsýsluaðila eða þriðja aðila. Í þeim tilvikum mun félagsþjónustan veita lögbundna þjónustu. Ef vísbendingar eru um svik eða ólöglegt athæfi er félagsþjónustunni skylt að kæra það til lögreglu.

15. gr. Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn og fulltrúar félagsþjónustunnar kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu, er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við aðra nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Notandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti að það stangist ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

16. gr. Ábyrgð sveitarfélaga

Í þeim tilvikum þar sem NPA misferst eða fellur niður mun félagsþjónustan veita lögbundna þjónustu.



**17. gr.
Gildistaka og endurskoðun**

Reglur þessar verða endurskoðaðar þegar lög um NPA taka gildi.

Samþykkt af stjórn BsVest

Dagsetning og staður

Andrea Jónsdóttir stjórnarformaður

Gísli Halldór Halldórsson

Indriði Indriðason

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir

Pétur G Markan



Byggðasamlag
Vestfjarða
um málefni fatlaðs fólks